

Tillögur til breytinga á frumvarpi til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

1. Breytingar á meginmáli frumvarpsins.

a. Á 3. gr. verði þessar breytingar:

Upphaf greinarinnar verði svohljóðandi: Við III. kafla bætist

Upphaf 2. mgr. verði svohljóðandi: Tollur á þær vörur...

2. másl. 3. mgr. orðist svo: Tollur á þær vörur, sem fluttar eru lnn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðauka IVA, skal vera 50 eða 75 hundradshlutar af þeim magntolli, sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðs eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

b. Á 6. gr. verði eftirfarandi breytingar:

1. másl. b-liðar 1. mgr. orðist svo: að réttshafi leggi fram fullnægjandi gögn þess efnis að hugverkaréttindi njóli verklar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta á rétti hans.

Úr c-lið 1. mgr. falli niður orðin "greiða kostnað tollyfirvalda af aðgerðum og"

Í 1. másl. 4. mgr komi orðið "bráðabirgðaaðgerð" í stað orðsins "bráðabirgðagerð".

c. Í 7. gr. frumvarpsins verður þessi breyting:

1. mgr. verði svohljóðandi:

Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, varðandi einhverjar af þeim vörum, sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:

a. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma;

b. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað,

skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 4. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur skv. tollbindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

d. Á 18. gr. verði þessi breyting:

Við greinina bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. svohljóðandi: Landbúnaðarráðherra er cinnig heimilt að hanna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaaakundi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Landbúnaðarráðherra ákveður með relugerð á hvern hátt hagað sknli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatöku og rannsóknum.

e. Á 20. gr. verði þessar breytingar:

Upphaf 1. másl. 1. mgr. verði svohljóðandi: Til þess að tryggja að jafnan sé á markaði nægilegt framboð af vörum á hæfilegu verði er landbúnaðarráðherra heimilt að útsluta

2. másl. 1. mgr. orðist svo: Getur hann ákveðið hverju sinni hvaða tolltöxtum 3. og 4. mgr. tilvitnaðs ákvæðis er beitt.

Við bætist ný mgr. er verði 3. mgr. svohljóðandi: Við úthlutun tollkvóta hefur ráðherra hlidsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett.

~~c. Við 3. mgr. 24. gr. bætist nýr málslíður, sem orðist svo: Aður en nefndin gerir tillögur til ráðherra skal hún leita umsagnar viðkomandi hagsmunaaðila.~~

f. Á 25. gr. verður þessi breyting:

2. másl. 1. mgr. falli niður.

2. Breytingar á tollskrá í viðauka I.

a. Við tölulið 4, vörulið 0403 bælist nýtt tollskrárnúmer:
"0403.9014 -- með fituinnihaldi meira en 6% miðað við þyngd" er fái verðtoll A 30% og
magn toll A1 136 kr/kg.

b. Á tölulið 5 verði þessar breytingar:
Við tollskrárnúmer "0601.2004 -- Grænar og blómstrandi pottaplöntur yfir 1 metri á hæð"
komi krónutalan 480 í dálk A1.
Við tollskrárnúmer "0602.1000 - Græðlingar og gróðurkvistir án róta" komi krónutalan 270
í dálk A1.
Við tollskrárnúmer "0602.2000 - Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti
eða hnetur" komi krónutalan 200 í dálk A1.
Við tollskrárnúmer "0602.3000 - Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar" komi
krónutalan 200 í dálk A1.
Við tollskrárnúmer "0602.4000 - Rósir, einnig ágræddar" komi krónutalan 200 í dálk A1.
Við tollskrárnúmer "0602.9900 -- Annars" komi krónutalan 200 í dálk A1.
Við tollskrárnúmer "0603.9000 -- Annað" komi krónutalan 95 í dálk A1.
Í stað tollskrárnúmersins "0604.9109 --- Jólátrésgreinar" komi: 0604.9102 ---
Jólátrésgreinar.
Við tollskrárnúmer "0604.9109 --- Annars" komi krónutalan 50 í dálk A1.

c. Nýr töluliður, 9 töluliður, bælist við á eftir 8. tölulið og röð annarra töluliða færast aftur sem
þessu nemur, 9. töluliður verði svohljóðandi:

"9. Tolltaxtar og tollskrárnúmer vöruliðs 1517 verði svohljóðandi:

1517	Smjörliki; blöndur eða framleiðsla til manneidis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kaffa, þó ekki feiti eða olíur til manneidis eða þættir þeirra í nr. 1516: -- Smjörliki, þó ekki fljótandi smjörliki:		
1517.1001	-- Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	0	90
1517.1009	--- Annað	0	60
	-- Annað:		
1517.9001	-- Sem inniheldur 10% eða minna af mjólkurfitu miðað við þyngd	0	60
1517.9002	-- Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	0	90
1517.9003	-- Neysluhæfar blöndur úr fljótandi sojabaunaolíu og þaðmullarfræsólíu	0	
1517.9004	-- Neysluhæfar blöndur úr öðrum fljótandi matjurtaolíum	0	
1517.9005	-- Neysluhæfar blöndur úr dýra- eða matjurtafeiti og olíum, lagaðar sem smnrefni í mól	0	
1517.9009	--- Annars		0"

d. Á tölulið 13 verði þessar breytingar:
Við tollskrárnúmer "1902.2021 --- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því" komi krónutalan 145 í dálk A1 í stað tölunnar 99.
Við tollskrárnúmer 1902.2041 verði vörulýsingin svohljóðandi: --- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af kjöti og osti. Efnfremur komi krónutalan 145 í dálk A1 í stað tölunnar 99.
Við tollskrárnúmer "1905.9011 --- Með fyllingu sem er að meginhluta úr smjöri eða öðrum mjólkurfurðum (t.d. hvítlaukssmjör)" komi tala 20 í dálk A og tala 47 í dálk A1.

3. **Breytingar á viðauka II/ A við frumvarpið.
Í yfirskrift dálka komi SDR/kg í stað "SDR"
Við bætist neðanmálsgrein svohljóðandi: Á vörur úr 6. kafla tollskrár er sérstakur tollur SDR/stk.**

4. **Breytingar á viðauka III/ A við frumvarpið.
Yfirskrift töflu á bls. 1 skal vera : "VIÐAUKI III/ A".**